



Aðalfundur FÍA 2018:

Kosið um meðstjórn

- Örnólfur Jónsson sitjandi formaður og

Guðmundur Már Þorvarðarson varaformaður sjálfkjörnir

Frestur til að bjóða sig fram í stjórn FÍA á aðalfundi félagsins sem verður 22. febrúar n.k. rann út í byrjun mánaðarins, þremur vikum fyrir fundinn. Formaður og varaformaður eru sjálfkjörnir og í báðum tilfellum eru það sitjandi aðilar sem bjóða sig fram. Kjósa þarf um meðstjórn þar sem ellefu eru í framboði í sjö sæti meðstjórnenda.

Nú er í fyrsta sinn kosið með rafrænni kosningu samkvæmt laga-breytingu frá því í fyrra. Einnig er kjörtímabil stjórnar tvö ár nú í fyrsta sinn. Stjórnarkjör fer þannig fram að formaður og fjórir meðstjórnendur eru kosnir annað hvert ár. Kjör varaformanns og þriggja meðstjórnenda fer fram það ár sem formaður er ekki kjörinn. Nú fyrsta árið eftir þessa breytingu skal kjósa formann og fjóra

meðstjórnendur til tveggja ára og varaformann og þrjá meðstjórnendur til eins árs.

Á innsíðum blaðsins eru greinar frá nokkrum frambjóðendum. Einnig er að finna í blaðinu umfjöllun um tillögur að breyttum lögum FÍA og reglum starfsmenntasjóðs sem eru á dagskrá aðalfundarins.

Framboðslisti vegna aðalfundar 22. febrúar 2018:

Formaður

Örnólfur Jónsson, Icelandair


Varaformaður

Guðmundur Már Þorvarðarson, Icelandair

Meðstjórnendur

G. Birnir Ásgeirsson, Air Atlanta

Hjalti Geir Guðmundsson, Icelandair



Grand Hótel Reykjavík þar sem aðalfundur FÍA verður haldinn þann 22. febrúar n.k. kl. 20:00

Hólmar Logi Sigmundsson, LHG

Högni B. Ómarsson, Icelandair

Jónas E. Thorlacius, Icelandair

Kristín María Grímsdóttir, Air Atlanta

Magni Snær Steinþórsson, Air Iceland C.

Sara Hlín Sigurðardóttir, Icelandair

Sigrún Bender, Icelandair

Sigurður Egill Sigurðsson, Ernir

Steindór Ingi Hall, Icelandair

Nýr kjarasamningur FÍA og Icelandair undirritaður

Þann 10. febrúar var skrifað undir nýjan kjarasamning milli FÍA og Icelandair. Samningurinn gildir til 31. desember 2019. Samningurinn hefur nú verið kynntur og er rafræn atkvæðagreiðsla að hefjast meðal flugmanna Icelandair sem standa mun í viku.

Haft er eftir Örnólfi Jónssyni, formanni FÍA, að ánægjulegt sé að með þessum

kjarasamningi sé unnið að sameiginlegum hagsmunum Icelandair og FÍA. „Þannig má segja að kveðið hafi við nýjan tón sem markar nýtt upphaf að sameiginlegri vegferð FÍA og Icelandair,“ sagði Örnólfur en samningurinn var undirritaður án aðkomu Ríkissáttasemjara sem verður að teljast óvenjulegt miðað við ferli samninga síðastliðinn áratuginn.



Jón Þór Þorvaldsson, formaður samninganefndar FÍA við Icelandair, og Guðmundur Pálsson, formaður samninganefndar Icelandair við FÍA hand-sala samninginn.

Frá
kjörstjórn FÍA
bls 2

Reykjavík Flight
Safety Symposium
bls 3

Framboðs-
pistlar
bls 4-10

Frá
Húðlæknastöðinni
bls 11

Air Iceland Connect
dregur saman
bls 12

Kjörstjórn minnir á

Ágætu félagsmenn.

Á aðalfundi FÍA 2017 voru samþykktar nokkrar viðamiklar breytingar á lögum stéttarfélagsins.

Breytingarnar snúa meðal annars að kosningu, kjörgengi og skipan í stjórn.

Eftirfarandi er samantekt yfir helstu breytingar úr lögum FÍA er lúta að kosningum:

3. grein

d) hefur greitt félagsgjald til FÍA á undangengnum mánuði.

5. grein

Félagsmaður í uppsögn heldur atkvæðisrétti sínum hafi hann greitt félagsgjald a.m.k. einn mánuð á undangengnum sex mánuðum.

16. grein

Allir félagsmenn FÍA samkvæmt 3. gr. eru kjörgengir til stjórna. Aðeins 5 félagsmenn frá hverjum samningsaðila FÍA geta tekið sæti í stjórn hverju sinni. Fá fleiri en 5 félagsmenn frá sama samningsaðila FÍA kosningu á aðalfundi skulu einungis þeir 5 er flest atkvæði hljóta taka sæti í stjórn. Þeir frambjóðendur er flest atkvæði hljóta frá öðrum samningsaðilum taka þá



sæti í stjórn.

Tímabundið ákvæði vegna kosninga á aðalfundi febrúar 2018 en ákvæðið fellur úr gildi 1. mars 2018: Á aðalfundi félagsins árið 2018 skal kjósa formann og fjóra með-

stjórnendur til tveggja ára og varaformann og þrjá meðstjórnendur til eins árs.

27. grein

Aðalfundur skal boðaður, með dag-skrá, með þriggja vikna fyrirvara og er hann lögmætur ef löglega er til hans boðað og minnst 5% fullgildir félagsmenn mæta og meirihluti stjórnar.

33. grein

Kosning skal vera rafræn og skal opna fyrir rafræna kosningu 7 dögum fyrir aðalfund. Niðurstöður kosninga skulu kynntar á aðalfundi.

Framkvæmdin verður með þeim hætti að opnað verður á kosningaslóð þar sem innskráning er með rafrænum skilríkjum 7 dögum fyrir aðalfund og lýkur kl 2130 utc þann 22.02.2018 (á aðalfundinum).

Ef eitthvað er óljóst eða frekari spurningar vakna þá er netfangið kjorstjorn@fia.is

Orlofshús FÍA

Ágætu félagsmenn.

Eins og einhverjir vita þá lagði stjórn skjáborga það til að keypt yrði annað hús í Hálalandhverfinu við Akureyri. Þegar þessi pistill er ritaður er húsið rétt að komast í gagnid.

Húsið stendur við Holtaland 5 sem er í götunni fyrir ofan Hrafnaland 11, okkar "eldra" hús.

Viðtökurnar við Hrafnalandi11 hafa verið mjög góðar og húsið mjög vel nýtt, en við erum aðeins að glíma við að á svæðinu hefur verið talsverð uppbygging sem veldur jarðvegsraski og uppfoki en næsta vor verður tekið á þeim málum í kringum bæði húsin.

Hrafnaland og Holtaland eru nákvæmlega eins hús og bæði geta þau tekið allt að 10 manns í gistingu, en nánar má kynna sér húsin á orlof.is/fia.

Húsið okkar í Húsafelli verður sett á sölu á næstunni en samhliða því er í undirbúningi bygging á öðru húsi sem kemur til með að standa við Birki-rjóður 3 í Húsafelli, austan megin á svæðinu.

Þetta er allt saman á algörum byrjunarreit en viðbúið verður að nýja



húsið í Húsafelli verði ekki tilbúið fyrr en eftir rúmt ár.

Bragi Sigþórsson, stjórnarmaður í Skýjaborgum, hefur tilkynnt formanni FÍA að hann hyggist ekki gefa kost á sér áfram. Bragi er búinn að vera gríðarlega öflugur og standa vaktina fyrir okkur öll í mörg ár og það er mikil eftirsjá af honum.

Við í stjórn Skýjaborga viljum þakka honum fyrir frábært samstarf.

Við minnum alltaf á að ganga vel um húsin okkar, en auðvitað er alltaf eitthvað sem bilar eða brotnar en þá biðjum við um að við séum látin vita. Það er hinsvegar fátt leiðinlegra en að fá skítapóst um lélega umgengni og frágang félaganna.

Við minnum á: skyjaborgir@fia.is og orlof.is/fia

Fréttabréf FÍA

Ritstjórn

Kjartan Jónsson

kjartan@dot.is

Umbrot

Kjartan Jónsson

kjartan@dot.is

Myndir

airliners.net

Baldur Sveinsson

Mats Wibe Lund - myndasafn.is

Shutterstock

Útgefandi

Félag íslenskra

atvinnuflugmanna

febrúar 2018

Fréttabréf FÍA er vettvangur félagsmanna og stjórna til að miðla upplýsingum og fróðleik til flugmanna. Skoðanir einstakra greinarhöfunda endurspeglar ekki endilega opinbera afstöðu FÍA til einstakra málefna.

Öll notkun efnis úr Fréttabréfi FÍA er heimil gegn því að heimilda sé getið.

REYKJAVIK FLIGHT SAFETY SYMPOSIUM

APRIL 13th 2018 – Hilton Reykjavik Nordica

The focus is placed on contemporary topics, cyber threats, satellite based augmentation, evidence based training, cabin air quality and human factors.

Tickets can be purchased at midi.is
Find a more detailed schedule at www.fia.is



G. Birnir Ásgeirsson:

Frá Air Atlanta. Framboð í meðstjórn FÍA

Kæru félagar, ég heiti Guðlaugur Birnir Ásgeirsson og starfa sem flugstjóri hjá Air Atlanta. Ég hef verið félagsmaður í FÍA í 18 ár og komið þó nokkuð að félagsmálum, setið áður í stjórn FÍA, samstarfsnefnd Air Atlanta og núna sem formaður samninganefndar FÍA við Air Atlanta. Ég hef mikinn áhuga og metnað í félags- og kjaramálum og tel mig hafa



sýnt það í verki þann tíma sem ég hef komið að þeim, eitt af þeim verkefnum sem framundan eru er öflug og skilvirk eftirfylgni með gerðum kjarsamningum og því tel ég mikilvægt að eiga sæti í stjórn FÍA til að geta sinnt því sem allra best. Með von um ykkar stuðning, takk fyrir.

Hjalti Geir Guðmundsson:

Frá Icelandair. Framboð í meðstjórn FÍA

Ágætu félagar,
Ég hef tekið þá ákvörðun að bjóða mig fram til stjórnar FÍA.

Ég heiti Hjalti Geir Guðmundsson, er 41 árs og starfa sem flugstjóri hjá Icelandair. Ég er giftur Ellen Dóru Erlendsdóttur og saman eigum við þrjú yndisleg börn á aldrinum 8 - 14 ára.

Ég hef starfað hjá Icelandair í rúm þrettán ár. Frá 2004 sem flugmaður á B-757 en í apríl 2016 tók ég stöðu flugstjóra og starfa sem slíkur í dag.

Ég hef unnið sem flugkennari hjá flestum flugskólum landsins og veit því hversu mikilvægt og óeigingjarnt starf þar er unnið. Um tíma starfaði ég sem yfirkennari hjá Keili og var það starf í senn lærdómsríkt, skemmtilegt og krefjandi enda mikill uppgangur í flugkennslu á þeim tíma.

Ég er ekki í annari vinnu eða rekstri og hef því töluverðan tíma aflögu til að sinna málefnum FÍA. Mér leiðist aldrei að takast á við ný og spennandi

verkefni og þeir sem þekkja mig vita að ég hef ávallt verið mjög stéttarfélagsinnnaður.

Nú á síðustu vikum hefur verið skipt um stóran hluta efstu stjórnanda Icelandair og eru þeir að boða nýja og spennandi tíma. Allt á að snúast um samvinnu og er það í þeim anda sem ég býð mig fram. Von mín er sú að geta unnið með flugfélögunum í stað þess að vinna eftir „við og þeir“ viðhorfinu



sem hefur verið við lýði um langa hríð. Nú er tækifæri til að byrja með hreint borð og því tel ég nauðsynlegt að við gerum það líka með nýju fólki.

Flugmenn á Íslandi eru þessa stundina ekki allir í sama stéttarfélagi. Það er mín skoðun að það sé farsælast fyrir flugmannastéttina að sameinast um eitt stéttarfélag. Fyrir stuttu var gerð könnun meðal félagsmanna ÍFF og var þar meirihluti sem vildi kanna inngöngu í FÍA og tel ég að það beri að skoða vel.

Aðkoma mín að félagsmálum hófst snemma er ég tók sæti í stjórn Félags Íslenskra Einkaflugmanna rétt fyrir aldamótin. Ég sat í þeirri stjórn um nokkurra ára skeið þar af 4 ár sem formaður. Frá árinu 2005 hef ég haldið mig til hlés í félagsmálum sökum anna en nú finn ég aftur fyrir mikilli þörf að láta til mín taka á sviði stéttarfélagsins okkar. Ég óska því eftir þínu atkvæði til stjórnarsetu á næsta aðalfundi.

Hólmur Logi Sigmundsson:

Frá Landhelgisgæslu Íslands. Framboð í meðstjórn FÍA

Heilir og sælir félagar.

Hólmur Logi Sigmundsson heiti ég og starfa sem flugmaður hjá Landhelgisgæslu Íslands. Ég hef ákveðið að bjóða mig fram sem meðstjórnandi FÍA í kosningum sem fara fram 22. febrúar. Ég hóf flugnám árið 2006 og kláraði 2008 hjá Flugskóla Íslands og tók kennararéttindi hjá þeim skömmu



síðar. Ég kenndi bóklegt einkaflugsnám hjá Keili í nokkurn tíma.

Ég fékk fastráðningu hjá LHG á TF-SIF árið 2012 og líkar starfið mjög vel. Ég er giftur Sólveigu Þórarinsdóttur, eiganda Sóla, og saman eigum við 3 börn á grunnskólaaldri. Það væri frábært ef ég gæti nýtt krafta mína til góðs fyrir okkur öll í FÍA.

Högni B. Ómarsson:

Frá Icelandair. Framboð í meðstjórn FÍA

Stjórnarstarfið.

Mun lengri tíma tók að þessu sinni en áður að fullskipa stjórn FÍA þar sem kjósa þurfti sérstaklega á milli þeirra tveggja frambjóðenda sem voru jafnir í kosningu á aðalfundi. Þannig lá endanleg niðurstaða stjórnarkjörs fyrir að loknum framhalds aðalfundi þ. 13. mars. sl. eða tæpum mánuði eftir aðalfund hinn fyrri.

Kosning Jóhanns Óskars Borgþórssonar í embætti varaformanns var afgerandi, en við afsögn hans þ. 5. júlí sl. varð í samstarfi við trúnaðarráð að gera breytingar á stjórn og var þeim lokið þ. 2. ágúst þegar Sigrún Bender tók við stöðu gjaldkera, Guðmundur Már varð varaformaður, Jens Þór Sigurðarson varð aðalmaður og Jónas Einar Thorlacius varamaður í hans stað. Þannig er óhætt að segja að stjórn FÍA hafi þurft að takast á við miklar breytingar á því kjörtímabili sem nú rennur sitt skeið á enda. Ég vil þakka Óðni Guðmundssyni samstarfið og óska honum velgengni í nýju starfi sem flugmaður hjá Icelandair ásamt því að þakka Jens Þór Sigurðarsyni fyrir öll hans störf í þágu FÍA.

Sá sem býður sig fram til stjórnar FÍA er um leið að lýsa yfir vilja sínum til að vinna að málefnum allra viðsemjenda stéttarfélagsins og í þágu allra félagsmanna, sem nú eru 779 talsins.

Ný lög FÍA

Rafræn atkvæðagreiðsla verður í fyrsta sinn notuð til stjórnarkjörs á aðalfundi FÍA þ. 22. febrúar nk. Með þeirri tilhögun er öllum félagsmönnum gefið jafnt tækifæri til að kjósa, en nú þegar er ljóst að Örnólfur Jónsson og Guðmundur Már Þorvarðarson eru sjálfkjörnir formaður og varaformaður og vil ég óska þeim til hamingju ásamt því að þakka fyrir þeirra framlag til stéttarfélagsins.

Stjórn FÍA þarf að endurspegla þá breidd sem er innan félagsins og með lagabreytingum sem samþykktar voru á síðasta aðalfundi er þess gætt að ekki sitji þar fleiri en fimm stjórnarmenn frá sama flugrekanda. Þá verða nú stigin fyrstu skref í þá átt að lengja kjörtímabilið hjá hluta stjórnarmanna til að gæta



þess nýliðun geti átt sér stað án þess að reynsla og þekking hverfi á sama tíma.

Félagsmenn FÍA hafa jafnan fjölmennt á aðalfund og sýnt þannig samhug í verki. Þrátt fyrir að nú standi til að nýta tæknina með þeim hætti sem ekki hefur verið gert áður í rúmlega 70 ára sögu FÍA vona ég að sem flestir gefi sér tíma til að mæta á Grand Hótel og gleðjast saman.

Skrifstofan

Frá því að Kjartan Norðdahl lét af störfum sem lögfræðingur FÍA hafa starfsmenn skrifstofu aðeins verið þrír og sinnt starfi sínu af stakri þrýði. Í fyrria fjölgaði félagsmönnum í FÍA um 78 og sífellt fleiri eru af erlendum uppruna. Komið var til móts við þann hóp með því að þýða kjarasamninga og heimasíðu FÍA á ensku ásamt því að kynna nýliðum starfsemi stéttarfélagsins.

Starfsfólk skrifstofunnar vill veita félagsmönnum eins góða þjónustu og kostur er og eitt af verkefnum næstu stjórnar FÍA verður að tryggja að svo verði áfram, jafnvel þó að fjölga þurfi um einn starfsmann.

Fjárhagurinn

Með aukningu þeirra sem greiða iðgjöld hefur fjárhagur FÍA vænkast enda hefur ráðdeildar verið gætt í rekstrinum sem fyrr. Ársreikningur félagsins verður kynntur á aðalfundi, en þar má m.a. sjá að eigið fé í árslok 2017 nam 290 milljónum króna.

Í lögum FÍA er fjallað um félagsgjald í 6. kafla og segir þar í 36. grein að gjaldið megi nema allt að 1% af brúttó launum, en undanfarin ár hefur gjaldið verið 0,5%.

Það er á valdi næstu stjórnar FÍA og

trúnaðarráðs að ákveða upphæð félagsgjaldsins, en í ljósi góðrar fjárhagsstöðu er núna sannarlega tækifæri til að lækka gjaldið enn frekar.

Nefndir

Samstarf fastanefnda og stjórnar FÍA er náð og þannig hefst hver stjórnarfundur á því að farið er yfir helstu málefni sem til umræðu eru í öllum samstarfsnefndum. Á þeim vettvangi fer fram eftirfylgni með ákvæðum kjarasamnings ásamt því að reynt er að greiða fyrir úrlausn erinda sem félagsmenn senda samstarfsnefnd.

Öryggisnefnd FÍA hefur um árabíl unnið ótúllega að sínum málaflokki og látið sig varða flugöryggismál í víðara samhengi. Hróður nefndarinnar berst víða bæði innanlands sem utan og vil ég nefna sérstaklega ráðstefnuna Reykjavík Flight Safety Symposium sem haldin verður í annað sinn þ. 13. apríl nk. Eins og í fyrria verða fyrirlesarar bæði innlendir og erlendir sérfræðingar og á málþingið erindi við alla þá sem áhuga hafa á flugtengdum málefnum.

Kjarasamningar eru órjúfanlegur hluti af starfi FÍA og skipar sá þáttur stóran sess í starfsemi stéttarfélagsins. Á dögunum var undirritaður nýr kjarasamningur FÍA og Icelandair Group hf/ Icelandair ehf. sem gildir til ársloka 2019. Aðdragandinn var langur, en í rúmt ár höfðu aðilar átt í viðræðum, að hluta til með aðkomu ríkissáttasemjara. Samningurinn markar að mínu mati nýtt upphaf og ég er þakklátur fyrir að hafa fengið tækifæri til að vinna með einstakri samninganefnd og afbragðs ráðgjöfum úr hópi flugmanna sem kallaðir voru til hverju sinni.

Alþjóðanefnd er hlustunarpípa FÍA og í gegnum þeirra starf fáum við fréttir af því sem vel er gert hjá öðrum ásamt því að geta lært af mistökum annarra. Eitt af verkefnum næstu stjórnar FÍA verður að nýta enn frekar þá þekkingu sem til staðar er hjá nefndinni ásamt því að efla þar greiningarvinnu sem nýta má til stefnumótunar og samanburðar.

Orlofsheimilaneftnd FÍA hefur ekki farið varhluta af fjölgun félagsmanna og hefur mætt óskum um fleiri valkosti og betri aðbúnað með þeim hætti sem til er vænst af samhentri nefnd. Rétt

er að nefna vandfundinn er sá félagsmaður sem starfað hefur jafn lengi í nokkurri nefnd og Bragi Sigþórsson, sem hefur vel á annan áratug gætt hagsmuna Skýjaborga og gerði það lengi vel af hugsjón í sjálfbodastarfi.

Framtíðin

Framundan eru ýmist verkefni hjá FÍA, en af setu minni í stjórn stéttarfélagsins frá árinu 2010 hef ég lært að

aðeins sum verkefni eru fyrirsjáanleg, en önnur gera ekki boð á undan sér. Stjórn FÍA þarf að vera samhentur hópur, vel upplýstur og einbeittur með það að markmiði að vinna félaginu gagn af heilum hug. Rödd FÍA þarf að heyrast hátt og skýrt og við þurfum að ná til félagsmanna með þeim hætti sem krafa tímans gerir tilkall til hverju sinni. Huga þarf að frekari þróun á smáforriti okkar FÍA-Mobile, ásamt því að kanna enn

frekar þá möguleika sem felast í notkun á Twitter (@ritari_fia) og Snapchat, en þar fékk tiltekin hópur flugmanna Icelandair að fylgjast náið með samningaviðræðunum í tilraunaskyni.

Góðir félagar um leið og ég vonast til að hitta sem flesta á aðalfundinum þá lýsi ég því yfir með framboði mínu að ég er sem fyrr til þjónustu reiðubúinn, í ykkar umboði.

Jónas Einar Thorlacius: Frá Icelandair. Framboð í meðstjórn FÍA

Kæru félagar,

Þann 22. febrúar n.k. ganga félagsmenn FÍA til atkvæða á aðalfundi félagsins þar sem kosið verður til stjórnarsetu fyrir komandi kjörtímabil. FÍA færir sig nú inn í nútímann með rafrænni kosningu og með nýsamþykktri lagabreytingu mun einnig hluti stjórnar sitja næstu tvö kjörtímabil ásamt sjálfkjörnum formanni FÍA.

Ég, Jónas Einar Thorlacius býð mig nú fram í stjórn FÍA. Ég hef starfað sem flugmaður hjá Icelandair síðan 2006 og er nýtskrifaður viðskiptafræðingur með fjármál að kjörsviði frá Háskóla Íslands.

Á vegum FÍA, hef ég verið varamaður í núverandi stjórn félagsins frá júlí



2017, setið í samstarfsnefnd FÍA við Icelandair og sit í samninganefnd FÍA við Bluebird Nordic.

Ég hef áhuga og metnað fyrir að skila góðu verki og mun starfa að heilindum til handa félagsmönnum FÍA

fari svo að ég nái kjöri.

Áskoranir sem fyrr eru að standa vörð um kjarasamninga og réttindi okkar og einnig að uppi séu viðhafðir heilbrigðir stjórnunarhættir flugrekanda gagnvart félagsmönnum FÍA.

Aðrar áskoranir er m.a. nýliðun og aukinn fjöldi félagsmanna.

Mín hugsjón er að efla stéttarfélagsvitund allra félagsmanna FÍA m.a. með fræðslu um ákvæði kjarasamninga með frekari þróun FÍA-mobile smáforritsins, sem og betri aðgengi félagsmanna að öllum upplýsingum er varða kjaramál og starfsemi stéttarfélagsins og einnig með stefnumarkandi skilaðum sitjandi stjórnar.

Með von um ykkar stuðning.

Kristín María Grímsdóttir: Frá Air Atlanta. Framboð í meðstjórn FÍA

Kæru félagsmenn,

Ég hef ákveðið að bjóða mig fram til áframhaldandi setu í stjórn FÍA.

Ég hef alla tíð haft brennandi áhuga á félagsstörfum, og hefur síðastliðið ár verið fyrir mig mjög lærdómsríkt, þroskandi og gefandi. Hefur því ekki dregið úr áhuga mínum á þessum málaflokki.

Sl. tvö ár hef ég sinnt samstarfsnefnd FÍA og Air Atlanta og setið í stjórn FÍA síðasta árið. Á haustmánuðum sótti ég samningatekninámskeið á vegum IFALPA, með fríðu föruneyti frá hinum ýmsu samningsaðilum FÍA, sem mun nýtast mér vel á komandi ári, því framundan eru annasamir tímar. Flestir kjarasamningar FÍA eru



lausir á árinu, meðal annars samningur við Air Atlanta, sem losnaði í lok árs 2017 og eru samningaviðræður stutt á veg komnar.

Nú hefur verið skrifað undir nýjan samning við Icelandair, með fyrirvara

um samþykki félagsmanna, og eiga fleiri eftir að bætast við í kjölfarið á næstu mánuðum. Það er því mikilvægt að standa vörð um réttindi okkar og vernda nýju kjarasamningana. Við þurfum öll að standa saman, efla stéttarfélagsvitund félagsmanna og leggja okkar af mörkum til að það gangi upp.

Með nýju lagabreytingunum sem samþykktar voru á síðasta aðalfundi er nú kosið í fyrsta sinn með rafrænni kosningu og gefur það öllum kost á að segja sína skoðun og vil ég ítreka mikilvægi þess að allir nýti sinn kosningarétt til að raddir sem flestra heyrist.

Með von um þinn stuðning.

Magni Snær Steinþórsson:

Frá Air Iceland Connect. Framboð í meðstjórn FÍA

Kæru félagsmenn.

Fyrsta kjörtímabil mitt í stjórn sem meðstjórnandi er að klárast og komið að næstu kosningum stjórnar á aðalfundi FÍA. Að mörgu leyti hefur þetta ár liðið hratt. Sú breyting sem gerð var á lögum FÍA síðastliðið ár verður til þess að alltaf verður um helmingur stjórnar með að minnsta kosti eins árs reynslu. Það má eiginlega ekki minna vera.

Eins og margir sem kláruðu flugnám á svipuðum tíma og ég þá byrjaði ég í flugkennslu hjá Flugmennt, leiguflugi, útsýnisflugi og sjúkraflugi hjá Mýflugi. Ég var ráðinn sem flugmaður hjá Flugfélagi Íslands árið 2004. Á þessum árum hefur margt gerst. Breytingar á flugflota, áætlun og svo var tekið upp á því að breyta nafninu í Air Iceland Connect (hér eftir AIC). Árið 2016 byrjaði minn ferill innan FÍA. Fyrst sem nefndarmaður í samstarfsnefnd AIC og sat samhliða því í ÖFÍA undir dyggri stjórn Ingvars Tryggvasonar. Árið 2017 tók ég við sem formaður samstarfsnefndar AIC og bauð mig í kjölfarið fram sem meðstjórnandi í FÍA.



Í síðasta framboðspistli mínum fyrir ári síðan nefndi ég mikilvægi þess að félagsmenn ættu allir einhvern í stjórn. Með síðustu lagabreytingum var þetta tryggt að miklu leyti, sem og að varamenn voru gerðir að meðstjórnendum. Þetta er mikilvægt. En til þess að þetta gangi verða félagsmenn að bjóða sig fram. Það er ánægjulegt að segja frá því að á síðasta félagsfundinum AIC voru margir sem buðu sig fram í hin ýmsu félagsstörf. Eiginlega fleiri en fengu. Yfir 40% flugmanna AIC sitja í einhverskonar nefnd eða ráði innan FÍA.

Í mínum höndum lenti það verkefni að halda utan um þátttöku FÍA félagsmanna á samningatækninámsskeiði IFALPA í Amsterdam. Þar sem ég vildi fá félagsmenn frá sem flestum viðsemjendum endaði talan í 15 manns. Vel blandaður hópur frá AIC, Icelandair, Air Atlanta, Mýflugi, Norlandair, Erni, Landhelgisgæslunni og FÍA. Stór hluti þessara einstaklinga er nú í samninganefnd síns félags eða koma að samningum með öðru móti. Þetta var mjög fræðandi og skemmtileg ferð. Námskeiðið var í þrjá daga þar sem mjög stífri kennsluáætlun var fylgt. Þarna náðu flugmenn flugfélaganna að kynnast sem vonandi verður styrkur þegar fram í sækir.

Nú eru stjórnarkosningarnar raf-rænar, þannig að fleiri ættu að ná að nýta sitt atkvæði hvar sem er í heiminum. Þetta á að skila sér í mun fleiri atkvæðum. Látum það samt ekki aftra okkur að mæta á kjörstað.

Nú kæru félagar óska ég eftir áframhaldandi stuðningi ykkar til þess að sitja í stjórn FÍA.

Sara Hlín Sigurðardóttir:

Frá Icelandair. Framboð í meðstjórn FÍA

Kæru félagsmenn.

Ég man stoltið sem fylgdi mér, nýráðnum flugkennara hjá Flugskóla Íslands, þegar ég gekk upp stigann að gömlu skrifstofu FÍA í Austurveri í þeim tilgangi að skrá mig í Félag íslenskra atvinnuflugmanna. Við erum flest stolt af því að tilheyra þessum öflugum félagskap sem FÍA er. Meðal okkar ríkir einstök samstaða og samkennd, hver svo sem vinnuveitandinn er. Við höfum hagsmuni heildarinnar að leiðarljósi sem snúa að því að bæta kjör flugmanna og standa vörð um starfið okkar.

Árið 2005 var ég ráðin sem flugmaður hjá Icelandair en hóf störf fyrir FÍA árið 2012 eftir að hafa lokið mastersprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árinu áður. Þá tók ég sæti í Alþjóðanefnd en undanfarið ár hef ég



sinnt formennsku í nefndinni. Fyrir hönd FÍA hef ég setið í hinum ýmsu erlendu nefndum, bæði á vegum ECA og IFALPA. Þessar nefndir vinna að mikilvægum málafnum, s.s. að vera umsagnaraðili að samevrópskri fluglögjöf og samþykktum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar. Alþjóðastarfið

nýtist FÍA vel en með alþjóðlegri þátttöku fáum stuðning annarra flugmannafélaga þegar þörf er á auk þess að fá ómetanlegar upplýsingar varðandi starfsumhverfi annarra flugmanna. Við fræðumst um kaup og kjör, hvernig aðrir túlka gildandi reglugerðir og eins hvaða löggjöf er í undirbúningi. Við erum því betur í stakk búin til að bregðast við hér heima og jafnvel stuðla að breyttum síðum ef þörf er á.

Þessi erlendu tengsl eru gríðarlega verðmæt fyrir stéttarfélagið okkar en hversu mikið við tökum þátt í þessu starfi er undir okkur sjálfum komið. Mér hefur lengi fundist vanta að tengja alþjóðastarfið betur við stjórn FÍA. Til þess að upplýsingarnar nýtist sem best þurfa þær að komast til skila á rétta staði. Ég býð mig nú fram til stjórnar meðal annars til að koma

Þessu til leiðar. Fengi ég stjórnarkjör myndi ég vilja sinna nefndarstörfum og erlendra fundarsókn meðfram öðrum stjórnarstörfum. Sama myndi ég vilja sjá gert með Öryggisnefndina á þann hátt að meðlimur stjórnar sæti fundi nefndarinnar og myndaði þannig tengingu á milli. Með þessu fengist betra utanumhald og yfirsýn.

Frá árinu 2016 hef ég einnig setið í laganefnd FÍA en sú nefnd hefur komið að ýmsum breytingum sem

vonandi eru til batnaðar, s.s. rafrænum kosningum sem nú fara fram í fyrsta sinn. Laganefndin stuðlaði einnig að því að sett var hámark á fjölda frambjóðenda sem hlotið geta kostningu frá sama flugrekanda. Það er því ljóst að á vegum Icelandair bjóða sig nú fram til stjórnar mun fleiri en hlotið geta kosningu. Allt er þetta frambærilegt fólk og það er þakkar vert að svo margir gefi kost á sér til að sinna því mikla og öfluga starfi sem fer fram á

vegum FÍA. Sá sem fylgist með daglegum störfum félagsins fyllist þakklæti og verður um leið ljóst að út á við sést aðeins glitta í toppinn á ísjakanum. Ég vil þakka núverandi stjórn, samninganefndum og öðrum sem hafa sinnt störfum innan FÍA fyrir fórnfýsi og frábært starf. Ég leyfi mér að vona einlægur áhugi og störf mín hingað til tali sínu máli nú þegar þið félagsmenn kjósið þá fulltrúa sem þið viljið sjá í komandi stjórn stéttarfélagsins.

Sigrún Bender: Frá Icelandair. Framboð í meðstjórn FÍA

Kæru félagar

Nú nálgast aðalfundur FÍA og hef ég ákveðið að bjóða mig fram til áframhaldandi setu í stjórn FÍA. Ég hef sinnt starfi meðstjórnanda í rúmlega eitt og hálft ár og sinnt starfi gjaldkera síðastliðið hálfa árið eftir að Guðmundur Már fór í starf varaformanns. Fyrir setu mína í stjórn hafði ég sinnt ýmsum stéttarfélagsstörfum þar á meðal formennsku í starfsmenntasjóði FÍA sem og samstöðuhópum tengdum kjarabaráttum. Þessi tími hefur verið lærdómsríkur og gefandi en af nógu er að taka á næstu misserum. Samningaviðræður við marga viðsemjendur eru framundan þó búið sé að undirrita samninga við flugskólana og Icelandair.

Eins og mörg ykkar hóf ég ferilinn sem flugkennari. Í framhaldi starfaði ég hjá erlendum flugrekstraraðila áður en ég fékk tækifæri á stöðu hjá Icelandair



árið 2012. Eins og svo margir lenti ég í uppsögnum hjá Icelandair yfir vetrartímann í þó nokkur ár en nýtti ég þann tíma til að ná mér í BS gráðu í viðskiptafræði með áherslu á fjármál og byggði upp farsælt fyrirtæki ásamt mínum manni. Bæði menntun mín og reynsla hefur gefið mér gott forskot til að takast á við fjármálahluta FÍA og

væri ég spennt fyrir því að fá að takast á við áframhaldandi starf og betrubætur á fjármálastefnu FÍA. Að fá að starfa við að bæta starfsumhverfi okkar og eiga samskipti við vinnuveitendur okkar er mér mikill fögnuður.

Það er gleðiefni að sjá hversu mikill áhugi er hjá félagsmönnum á störfum fyrir stéttarfélagið og endurspeglast það í fjölda frambjóðenda. Það var okkur í fyrri stjórn mikið kappsmál að ná inn rafrænum kosningum til að koma til móts við þann mikla fjölda félagsmanna sem ekki á kost að mæta á aðalfund starfs síns vegna. Ég hvet ykkur öll til að nýta þennan nýja möguleika og kjósa ykkar menn til stjórnar. Einnig vona ég að þið veitið mér áframhaldandi traust til að halda okkar góða starfi áfram fyrir ykkar hönd. Ég hlakka til að hitta ykkur sem flest þann 22. febrúar næstkomandi.

Sigurður Egill Sigurðsson: Frá Ernir. Framboð í meðstjórn FÍA

Kæru félagar

Ég heiti Sigurður Egill Sigurðsson og starfa sem flugmaður hjá Flugfélaginu Erni. Ég starfa einnig sem flugkennari í hlutastarfi hjá Flugskóla Íslands og sit í starfsráði og samninganefnd fyrir hönd flugmanna Ernis. Nú stýttist í kosningar hjá okkur félagsmönnum og hef ég því ákveðið að bjóða mig fram sem meðstjórnandi í stjórn FÍA og óska hér með eftir ykkar stuðningi. Ég er eindregið þeirrar skoðunar að stjórn FÍA eigi að endurspeglar fjölbreyttan hóp flugmanna



sem fljúga hjá hinum ýmsu félögum

innan stéttarfélagsins og tel ég mig hafa burði til að vera fulltrúi minni félaga innan FÍA.

Síðan 2013 hef ég starfað í flugheiminum, fyrst sem flugumsjónarmaður hjá Air Atlanta í Arabíu og frá árinu 2014 sem flugmaður á Jetstream í Svíþjóð, Eistlandi og Tonga. Ég hef bæði unnið sem verktaki og launamaður í fluginu og er því búinn að finna á eigin skinni hversu mikilvægt er að hafa öflugt stéttarfélag eins og FÍA að baki sér. Sem verktaki hef ég upplifað hvernig óeining meðal

flugmanna býður upp á tækifæri fyrir flugfélög til að veita léleg kjör, uppsagnir með stuttum fyrirvara og mikla erfiðleika við að sækja ógreidd laun. Því miður kemur þessi reynsla heim og saman við það sem alltof margir kollegar okkar erlendis þekkja. Ég lít því á verktöku sem vá sem okkur ber að varast í fluginu hér heima. Þó svo að ég sé fylgjandi því að flugmenn hjá ÍFF (Wow Air) gangi inn í okkar raðir, geld ég varhug við að opna fyrir verk-

töku í auknum mæli eða að með nýjum félagsmönnum fylgi lakari lífeyriskjör.

Þrátt fyrir að nú sé góðæri er mikið verk framundan, sem er að halda þeim kjörum sem við höfum áunnið okkur og að verjast þeim áhrifum sem verktökufyrirtæki hafa haft á starfsumhverfi flugmanna í mörgum nágrannalöndum okkar en verktökufyrirtæki þessi eru jafnframt í samkeppni við okkar íslensku vinnuveitendur.

Ég hvet því alla félagsmenn til að kjósa á næstu dögum og sýna styrk okkar í fjölda en nú í fyrsta sinn mun rafræn atkvæðagreiðsla gera öllum kleift að láta í sér heyra. Mótframbjóðendur mínir eru allir frambærilegir og ég óska þeim alls hins besta. Fáí ég hins vegar brautargengi inn í stjórn FÍA mun ég leggja mig allan fram við að vinna að hagsmunum félagsmanna og er spenntur fyrir að takast á við þau verkefni sem bíða nýrrar stjórnar.

Steindór Ingi Hall: Frá Icelandair. Framboð í meðstjórn FÍA

Ágætu félagsmenn

Begar þetta er ritað er vart þornað bleikið á nýjum kjarasamningi milli FÍA og Icelandair. Óska ég samninganefndinni til hamingju með samninginn með von um það að í samningnum séu kjarabætur sem félagsmenn geti sætt sig við og samþykki. Baráttan heldur samt ótraud áfram.

Nú er aðalfundur félagsins þ. 22. nk. og hef ég hef ákveðið að bjóða mig fram í stjórn FÍA.

Ég byrjaði að fljúga í atvinnuflugi árið 2001 í Vestmannaeyjum hjá Flugfélagi Vestmannaeyja. Haustið 2003 byrjaði ég svo að fljúga hjá Air Atlanta og var þar til upphafs árs 2007 er ég byrjaði hjá Icelandair. Alls konar uppsagnir og leiðindi frá árinu 2008 gerðu það verkum að maður flaug hér og þar milli árána 2008 og 2013, en síðan þá hef ég verið flugmaður og flugstjóri hjá Icelandair.

Kjarabaráttan hefur verið mér ofarlega í huga alveg frá því ég tók fyrsta skrefið inn í Partenaviuna í Eyjum forðum daga, og það er ljóst að sú baráttan mun aldrei enda. Fljótlega eftir að ég hóf störf hjá Air Atlanta varð ég þeirrar gæfu að njótandi að kynnast hörku duglegum mönnum sem börðust fyrir að koma stéttarfélagsmálum þar á bæ á nýtt plan. Stéttarfélag Atlanta flugmanna var á þeim tíma Frjálsa Flugmannafélagið (FFF). Auðséd var að kjarabaráttan var mjög erfið meðan félagið samanstóð af frekar fámönnum hópi manna sem Atlanta gat sérvalið í. Atlanta hafði meira að segja lokað á að nýjir menn kæmust þar inn, allir nýliðar skyldu hafa réttarstöðu verktaka og áttu þar af

leiðandi ekki möguleika á að komast á kjarasamning. Mér er það alltaf minnisstætt hve ötulir þeir Haraldur Helgi Óskarsson og Bogi Agnarsson voru í stéttarfélagssbaráttunni á þessum tíma og hversu vel þeir tóku í það að berjast með okkur „verktökunum“ að komast á kjarasamning. Með mikilli baráttu gekk það á endanum og síðar gekk FFF inn í FÍA og að mínu mati var það mikið gæfuspör, loksins voru menn komnir inn í rótgróið og öflugt stéttarfélag með skýr markmið og með innviði til að takast á við þau mál sem virkilega þurfti að koma í gegn. Að sjálfsögðu fylgdu þessu öllu saman einhverjir vaxtarverkir til að byrja með og er sameining Atlanta og Íslandsflugs átti sér stað tókst mönnum að halda þannig á spöðunum að á endanum held ég að menn geti almennt sagt að það hafi gengið frekar snurðulaust fyrir sig. Starfaði ég í samstarfsnefnd á þessum tíma allt þar til ég hóf störf hjá Icelandair. Ég er að rifja þetta upp hér núna því mér finnst stétin standa á ákveðnum tímamótum. Wow flugmenn virðast vera á svipuðum slóðum og Atlanta flugmenn voru forðum.



Þeir eru með sitt eigið stéttarfélag, og það sýnir sig að reynslan þar er ansi lítil og viðbrögð svifasein við hinum ýmsu málum og deilum sem þar koma upp. Það er mín von að það sé bara tímaspursmál hvenær þeir koma inn í okkar frábæra félag og tel ég mig hafa ýmislegt til málanna að leggja á þeim vettvangi.

Mýmörg önnur mál eru mér einnig ofanlega í huga:

Kjarasamningar: Það þarf að vinna í þeim endalaust, það er og verður megin verkefni stjórnar FÍA fyrir alla félagsmenn.

“Flight pay á block hours” hjá Icelandair: Er eina leiðin til að jafna út vinnu manna á skrá, það er alltaf jafn undarlegt að sjá að sá sem flýgur t.d. til Boston fái það sama og gaurinn sem flaug til Seattle, þar sem stoppið er styttra og flugið er lengra. “Flight pay” jafnar þennan mismun út og nú með tilkomu 737-max er það svo að 757-an flýgur fleiri “lengri” túra með styttri stoppum en max-inn mun koma til með að gera. Því tel ég nauðsynlegt að koma þessu á, ekki síst ef Icelandair ætlar að fara að bjóða upp á long-haul flug til Asíu líka. Auk þess eru til forðæmi fyrir þessu hjá öðrum. Að auki jafnar það út skrá manna þar sem einn fær t.d. 75 tíma skrá á meðan annar er með 50 fyrir sama tímabil.

Orlofsúthlutanir: Það þarf að lagfæra kerfið hjá Icelandair þannig að flugmenn/flugstjórnar geti séð fyrr hvenær þeir eigi að fá sín frí.

Nýir félagsmenn: Það þarf að útskýra fyrir hvað FÍA stendur og af hverju það skiptir svona miklu máli, það þarf að kynna starfsemina miklu

betur og útskýra hvernig hún virkar. Funda þarf sérstaklega með nýliðum þannig að þeir séu ekki í myrkrinu þegar eitthvað gengur á. Auk þess er fjöldi erlendra manna að aukast mikið innan félagsins og mjög mikilvægt að koma í veg fyrir að einhver „sértrúarsöfnuður“ myndist hjá þeim.

Það er hart sótt að stéttarfélögum flugmanna um allan heim. Þetta sést t.d. vel hjá mönnum sem byrja hjá Lufthansa í dag. Með öll þessi dótturfélög þar sem menn vinna sig upp á löngum tíma eru fáir eftir sem eru á góðum samningi þar í dag. Við þurfum að standa vörð um okkar rétt og vera í góðu sambandi og samstarfi við þau erlendu samtök sem við eigum samleið með.

Svefnrannsóknir hafa verið gerðar og gefnar út og það þarf að skoða þær vandlega og setja fram ákveðin markmið út frá niðurstöðum þeirra, sérstaklega fyrir þá sem standa í “long-haul” flugi.

Öryggismál: Það er með hreinum ólíkindum hvað þessi málaflökkur fær lítinn sess hjá hinu margblessaða Isavia. Skilningur stjórnenda þar á bæ á þessum málaflökki er afar takmarkaður svo vægt sé til orða tekið. Það er meiri þörf á því nú en nokkru sinni fyrr að taka þau mál til rækilegrar skoðunar. Má sem dæmi nefna stöðu varavalla landsins, stærð rampa á þeim og margt fleira.

Starfsöryggi: Verður alltaf þáttur sem huga þarf að. Að mínu mati ættu aðstæður að vera þannig nú að erfitt verður fyrir Ícelandair að segja upp mönnum yfir vetrartímann og jafnvel þótt þeir geri það, ætti að vera töluvert

af vopnum í búrinu hjá okkur nú til að beita sér gegn svoleiðis gjörningi.

“Known crew member” er fyrirbæri sem er til í USA til þess að gera áhöfnum kleift að mæta til vinnu án þess að vera meðhöndlaður nánast sem líklegur hryðjuverkamaður. Ég er talsmaður þess að okkar félag fari þess á leit við samstarfsaðila að reyna að koma svipuðu kerfi á hér, myndi einfalda verulega ruglið í Keflavík og gera alla þætti varðandi komu í flug auðveldari.

FÍA þarf að vinna “pro-aktívt”, þ.e. það þarf að eiga svör og vera til búið að taka á málum sem það sér fyrir að komi upp. Nýjar flugvélar í flota t.d. Ícelandair, hjá Ernir o.fl. gera það að verkum að nýjir vinklar koma upp í félags- og samningamálum og verður þá okkar félag að vera í stakk búið til að taka á þeim strax og af festu.

Huga þarf sérstaklega að starfslokasamningum hjá öllum aðilum. Það er nauðsynlegt að fara í þessa vinnu sérstaklega þegar hugsað er til þess að ekki er ólíklegt að eftirlaunaaldurinn hækki á næstu árum á okkar starfsvettvangi. Þessu tengt, er ég fylgjandi þess að kjósa skuli stjórn EFÍA af félagsmönnum, ekki af stjórn FÍA. Þetta tvennt ætti að vera aðskilið.

Strúktúr FÍA er eitthvað sem ég tel að verði að skoða. Það er alveg vert að skoða hvort betra væri að hafa yfirstjórn en svo væru starfsmenn hvers fyrirtækis innan FÍA með sína eigin stjórn. Hér er ég með það í huga, að ef t.d. Wow-flugmenn kæmu inn í okkar félag þyrfti að athuga og skoða vel hvaða leið væri best til fallin til að stýra málefnum sem varða sérstaklega ein-

staka hagsmunahópa. Félagið verður að vera opið fyrir að rýna sjálft sig og aðlaga þannig að nýtist sem best öllum félagsmönnum.

Hjá Atlanta mönnum veit ég til þess að “travel”-mál og svokallaðir “flex dagar” hafa valdið töluverðri óánægju og þ.a.l. þarft og nauðsynlegt að skoða þau mál til hlítar með það að markmiði að finna lausn sem aðilar geta sætt sig við.

Hjá Air Iceland Connect gætir ávalt mikillar óvissu með Reykjavíkurflugvöll og er lokun flugbrauta ekki að hjálpa til. Nú þegar umræða um Hvassahraun virðist vera að styrkjast, þá eru auðvitað fjölmörg mál sem þarf að skoða í tengslum við það, auk þess hefur áfangastöðum þess fjölgað með bættum vélakosti og mun vonandi fjölga enn meir, og í svoleiðis aðstæðum eru ávalt mörg mál sem koma upp þar sem verja þarf hagsmuni okkar, og að sjálfsögðu að bæta kjör.

Að þessu sögðu, vil ég minna á að FÍA er stéttarfélag sem tekið er eftir og fullt mark er tekið á. Að mínu áliti hefur félaginu auðnast að halda í sín grunn-gildi og haft í forgrunni hvað best er fyrir félagsmenn á hverjum tíma.

Á aðalfundinum virðist það vera svo að formaður og varaformaður fá ekki mótframboð og þeir þ.a.l. sjálfkjörnir. Kosning annarra stjórnarmanna er engu að síður mjög mikilvæg. Tryggja þarf félaginu áfram kröftuga og samhenta stjórn. Ég tel mig vera tilbúinn í það verkefni.

Fjölmönnum og sjáumst hress á fundinum.


**Aðalfundur FÍA 2018 • Grandhótel
Reykjavík • 22. febrúar kl. 20:00**

Frá Húðlæknastöðinni

- Leiðbeiningar til flugmanna

Þekktir eru nokkrir áhættuþættir er varða myndun sortuæxla. Nefna má:

- Sólbruni, sérstaklega í æsku,
- Óhófleg sólun, t.d. að nota hvert tækifæri sem gefst til að sóla húðina
- Óreglulegir fæðingarblettir: t.d. óregla í lit og lögun bletta
- Margir fæðingarblettir. Ath að “fæðingarblettir” eru oftast ekki meðfæddir og því er orðið “fæðingarblettur” oft rangnefni en þetta orð er komið inn í íslensku og er því notað hér.
- Nýjir “fæðingarblettir” sem koma eftir ca 27-30 ára aldur
- Náin ættingi sem hefur greinst með sortuæxli,
- Ljósabekkjanotkun
- Húðlitur: t.d ljós húð sem brennur auðveldlega í sól.



- Að auki hafa rannsóknir hafa sýnt að aukin áhætta er á myndun sortuæxla hjá flugmönnum og flugliðum. Ekki er að fullu ljóst af hverju þessi áhætta stafar.
- Sumir telja hugsanlegt að þessi áhætta tengist geimgeislum. Þessi til stuðnings er sú staðreynd að áhættan virðist aukast í réttu hlutfalli við þá geislun sem flugmaðurinn hefur orðið fyrir.

Húðlæknastöðin hefur tekið að sér að skoða flugmenn reglulega m.t.t. einkenna sem geta bent til illkynja meina í húð eða forstigsbreytinga slíkra meina. Þessar skoðanir eru mjög mikilvægar svo hægt sé að greina þessi mein á frumstigi. Ekki síður er mikilvægt að flugmenn hafi eftirfarandi í huga:

1. Kynna sér staðreyndir um sortuæxli og útlit þeirra þannig að þeir geti greint hættumerkin. Þess vegna er nauðsynlegt að kynna sér eftirfarandi efni.

Fæðingarblettir sortuæxli og sólvörn (fræðslurit Krabbameinsfélagsins: www.krabb.is

(<https://www.krabb.is/fraeds-la-forvarnir/fraeds-luefni/krabbamein-sem-haegt-er-ad-afstyra/solbod/>)

Hættumerkin

Hvernig á að skoða húðina

Sortuæxli

Fræðslurit Krabbameinsfélagsins: Sortuæxli í húð (2010)

2. Skoða húðina mánaðarlega m.t.t. breytinga. Hvernig slík skoðun fer fram er lýst hér að ofan
3. Notað öflugustu sólvörn sem völ er á í sól
4. Mæta í skoðun á vegum FíA og Húðlæknastöðvarinnar
5. Ef blettur er að breyta sér. Hafa samband við Húðlæknastöð-

ina í síma 5204444, eða með tölvupósti á: timabokun@hudlaeknastodin.is. Gefa upp að þú sért flugmaður og hafir áhyggjur af bletti sem er að breytast. Mikilvægt er að gera sér grein fyrir að blettir sem eru í lagi við skoðun geta breytt sér á 6 mánuðum eða jafnvel styttri tíma. Þess vegna er mánaðarleg sjálfskoðun mjög mikilvæg.



Air Iceland Connect bregst við lélegri afkomu

- áskoranir framundan en langtímahorfur betri



Árið 2017 fjölgaði ferðamönnum í innanlandsflugi hjá Air Iceland Connect og var sætanýting félagsins um 71%. Farþegum í Grænlandsflugi fækkaði hins vegar um tæplega 9%.

Vöxtur undanfarinna ára hefur ekki verið arðbær, framboð á sætiskilómetrum jókst um 19% á síðasta ári en tekjur á sætiskilómetra drógust saman um 17%. Rekstrarafkoma síðasta árs er

því undir væntingum félagsins. Má þar nefna að fjöldi farþega á Aberdeen var 20% undir væntingum og Belfast 30% undir væntingum.

Flugi til Aberdeen, Belfast, Kan-gerlussuaq sem öll eru frá Keflavík ásamt flugi á milli Akureyri og Keflavík verður hætt um miðjan maí næstkomandi. Fjöldi flugtíma árið 2018 verður því 7% minni en árið áður,

fækkað verður um eina flugvél og mun starfsmönnum því miður fækka miðað við minnkandi umsvif félagsins. Þegar þetta er ritað er ekki vitað hvað þetta þýðir fyrir flugmenn en það mun verða kynnt á næstu dögum.

Væntingar stjórnenda félagsins varðandi þessar breytingar eru að ná rekstrinum í jafnvægi strax á þessu ári.

Ernir bæta við flotann

Flugfélagið Ernir hefur fest kaup á Dornier 328 skrífuþotu sem gerir félaginu kleift að bæta þjónstu við farþega verulega. Þotan er með stærra farþegarými, bæði hærra til lofts og breiðara.

Fyrir flugmenn er þotan einnig betur búin en þær vélar sem fyrir eru og því um bætt vinnuaðstöðu að ræða. Hún þarf stuttar brautir og opnar hún



möguleika í Norður-Noregi, eins á Grænlandi þar sem eru styttri brautir en víðast hvar annars staðar.

AAI flýgur með BMW o.fl.



Air Atlanta hefur nú um skeið flogið fyrir Chapman freeborne/Senator fyrir BMW frá Frankfurt Hahn til Greenville ásamt flugi fyrir Magma og Network (Astral). Þetta opnar á ný tækifæri, flug um allan heim fyrir AAI. Félagið er þá með þrjár vélar í Evrópu.